

Helstu niðurstöður aðalfundar Sjóvá-Almennra trygginga hf. 2019

Aðalfundur Sjóvár var haldinn 15. mars í Kringlunni 5, Reykjavík.

- Ársreikningur vegna ársins 2018 var samþykktur.
- Fundurinn samþykkti tillögu stjórnar um arðgreiðslu sem nemur kr. 0,47 á hlut fyrir rekstrarárið 2018 eða um 650 m.kr. Arðsákvörðunardagur er 15. mars 2019 og þar af leiðir að skráðir hluthafar í lok dags 19. mars 2019, sem telst arðsréttindadagur, eiga rétt á arðgreiðslu. Fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag er 18. mars 2019 og er hann arðleysisdagur. Útborgunardagur arðs er 28. mars 2019.
- Tillaga um óbreytta starfskjarastefnu var samþykkt.
- Tillögur stjórnar um lækkun hlutafjár vegna kaupa á eigin bréfum og samsvarandi breyting á samþykktum félagsins voru samþykktar.
- Í stjórn félagsins var kjörin:

Björgólfur Jóhannsson	kt. 280855-3409
Heimir V. Haraldsson	kt. 220455-5999
Hildur Árnadóttir	kt. 040866-3459
Hjördís E. Harðardóttir	kt. 180464-5819
Ingi Jóhann Guðmundsson	kt. 120169-5729

Stjórn hefur þegar komið saman og skipt með sér verkum. Formaður stjórnar er Björgólfur Jóhannsson.

Eftirtalin voru kjörin varamenn í stjórn:

Erna Gísladóttir	kt. 050568-2969
Garðar Gíslason	kt. 191066-5539

- Tillaga um þóknun stjórnar félagsins var samþykkt. Laun stjórnarmanna verða 370.000 kr. á mánuði og laun stjórnarformanns tvöföld sú fjárhæð. Hvorum varamanni skal greidd eingreiðsla 370.000 kr. í upphafi starfsárs og að auki 127.000 kr. fyrir hvern fund sem hann situr.
- Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum með framkvæmd endurkaupaáætlunar var samþykkt.

Nánari upplýsingar veitir: Sigríður Vala Halldórsdóttir, fjárfestatengill, s. 440-2000 fjarfestar@sjova.is